

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	17/5 2016
Málsnr:	1605269
Bréfal:	251

Hafnarfirði í maí 2016

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
Bæjarráð
Strandgötu 6
220 Hafnarfirði

MÓTTEKIÐ
13. maí 2016
 Hafnarfjarðarbær

Meðfylgjandi er reikningur frá Orlofsnefnd húsmæðra í Hafnarfirði vegna lögbundins framlags til orlofsdvalar fyrir Hafnfirskar húsmæður árið 2016.

Við útreikning á framlaginu er stuðst við íbúafjölda Hafnarfjarðar, sem uppgefinn var í þjónustuveri bæjarins. Vísítölutengd upphæð lögbundins framlags á hvern íbúa var fengin frá Velferðarráðuneytinu, þetta er sú upphæð sem aðrar orlofsnefndir fá einnig greidda.

Vísað er í lög um orlof húsmæðra nr. 53/1972 frá Alþingi, sem enn eru í fullu gildi. Við viljum sérstaklega benda á 5.grein laganna, en þar segir meðal annars:

Til þess að standa straum af kostnaði við orlof húsmæðra skal sveitasjóður leggja árlega fram fjárhæð, Sem nemi minnst kr. 100.- fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins.

Fjárhæð þessi tekur breytingum eftir vísítölu framfærslukostnaðar og miðast við vísítoluna eins og hún er í febrúar ár hvert. Framlag þetta skal greiða orlofsnefnd orlofssvæðis fyrir 15.maí.

Orlofsnefnd húsmæðra biður Bæjarstjórn vinsamlegast að virða gjalddaga, sem getið er um í ofangreindum lögum.

Að auki fylgja með bréfi þessu, starfsskýrsla formanns og ársreikningar gjaldkera fyrir orlofsnefndina, árið 2015

Með vinsemd og virðingu.

Fyrir hönd Orlofsnefndar húsmæðra í Hafnarfirði

Svanhildur Guðmundsdóttir Kristín Gunnbjörns

Svanhildur Guðmundsdóttir

Kristín Gunnbjörns

Formaður

gjaldkeri

Arnarhrauni 48, 220 Hafnarfirði

Vallarbraut 5, 220 Hafnarfirði

Murilmr. 1605269
251

Ársskýrsla orlofsnefndar húsmæðra í Hafnarfirði fyrir árið 2015

Orlofsárið heppnaðist vel. Bréf var sent til Hafnarfjarðarbæjar á tilteknum tíma þar sem farið var fram á hina árlegu greiðslu til orlofsnefndar. Greiðslan skilaði sér á réttum tíma.

Orlofsnefndir úr sveitarfélögunum hér á stór Reykjavíkursvæðinu hittust til skrafs og ráðagerða í febrúar eins og venjan hefur verið sl. ár.

Aðeins ein ferð var farin á vegum nefndarinnar þar sem innanlandsferðin fell niður vegna þátttökuleysis.

Í október var farið til Strassborgar í Frakklandi, sem er mjög falleg borg, Miðbær borgarinnar er á eyju út í ánni ILL og er hann allur á heimsmynjaskrá Sameinuðu þjóðann. Flogið var til Frankfurt og ekið þaðan til Heidelberg þar sem stansað var góða stund og gengið um aðal götuna og kíkt í verslanir og á kaffihús. Síðan var ekið til Srassborgar og gist þar í 5 nætur. Borgin var skoðuð og einnig farið í skoðunarferðir í Elsass héraðið og um Svartaskóg til Freiburg.

Ferðin heppnaðist mjög vel og allar komu heilar heim.

Eins og áður var það Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar sem sá um ferðina og fararstjóri var Emil Örn Kristjánsson.

60 konur fóru í þessa ferð. Stór hluti þeirra hafði aldrei farið áður með húsmæðraorlofinu. Nokkrar hafnfirskar konur fóru í ferðir með orlofsnefndum annarra sveitarfélaga.

Nefndin skipulagði ferðina og auglýsti í Fjarðarpóstinum og hélt kynningarfund sem var mjög fjölsóttur, en 127 konur sóttu um að komast í ferðina til Strassborgar, sem var alltof mikill fjöldi í eina ferð.

Nefndin tók á móti umsóknum og yfirför þær, en reglur kveða svo á að konur sem aldrei hafa farið í ferðir með nefndinni hafi forgang og konur sem sjaldan hafa farið.

Lög um húsmæðraorlof eru enn í fullu gildi.

Orlofsnefnd húsmæðra í Hafnarfirði færir Bæjarstjórn Hafnarfjarðar þakkir fyrir veittan stuðning.

Núverandi stjórn Orlofsnefndar:
Svanhildur Guðmundsdóttir
Guðlaug Hanna Friðjónsdóttir
Kristín Gunnbjörnsdóttir
Kristín Edvaldsdóttir
Hafdís Magnúsdóttir
Sigrún Ósk Ingadóttir

Virðingarfyllst
F.h. Orlofsnefndar húsmæðra í Hafnarfirði.

Svanhildur Guðmundsd.

REIKNINGUR

Nr 8

Nafn Bjarnsteinn Þórhallsf., Þegarriði
Heimili Gjárdalshús b.
Postfang 220 Hafnarfjörður
Kennitala 590169-2579

Sendandi: Orlofsnefnd
Husmeðst í Hafnarfjörðu
Kristin Gunnbjörns. gíð.
Vallavatnsgata 220

Dags

Urað

An.: hágundist örlegt frá myg til
Orlofsnefnden Husmeðst í Hafnarfjörðu.

Samkvæmt nágildandi vísitölvi:

106.40 krónur X óvistols, sem er f. 13. maí
2016

28.341 mann. Samtals 3.015.482,- kr.

Gjaldagjá / bintagi samkv. lögum nr. 53 frá 1972
er 14. maí nk.

Samtals kr.
þar af vsk.

EG70

Greiðsluform

Med pen.

Med óvisun nr.

Med greiðstuk. nr.

Med viki pr.

Med skulabréfi

Med dæbelkorti

Vinsamlegast greidst inná reikni: 0544-04-763 009

málmur 1605269
251

Orlofsnefnd Húsmæðra í Hafnarfirði

Rekstrar og efnahagsreikningur fyrir árið 2015

<u>Rekstrarreikningur</u>	<u>31.des</u>	<u>2015</u>
<u>Tekjur:</u>		
Framlag frá Hafnarfjarðarbæ 2015	2.911.096 kr.	
vextir á reikningi 0544 - 04 - 763009	150.377 kr.	
vextir á reikningi 0544 - 26 - 1854	888 kr.	
<u>Samtals:</u>	<u>3.062.361 kr.</u>	
Í sjóði frá fyrra ári:	<u>3.592.429 kr.</u>	
<u>Samtals:</u>	<u>6.654.790 kr.</u>	

Giöld:

Kostnaður vegna ferða, (auglýsingar)	Keilir	13.720 kr. ✓
Nótur frá fyrra ári gr. til gjaldkera		66.708 kr. ✓
Framlag með konum í Strassburgferð	G.J. Travel ehf.	2.850.000 kr. ✓
Framlag með konum með öðrum orlofsnefndum		401.800 kr. ✓
Fjármagnstekjkattur		30.247 kr. ✓
Pjónustugjald		325 kr. ✓
<u>Samtals:</u>	<u>3.362.800 kr.</u>	
<u>Peningar í sjóði:</u>	<u>3.291.990 kr. ✓</u>	
<u>Samtals:</u>	<u>6.654.790 kr.</u>	

Eignir:

Reikningur 0544 - 26 - 1854	93.402 kr. ✓
Reikningur 0544 - 04 - 763009	<u>3.198.588 kr.</u>
<u>Samtals:</u>	<u>3.291.990 kr.</u>

Hafnarfirði í apríl 2016
Kristín Gunnbjörns
Kristín Gunnbjörns, gjaldkeri

Hafnarfirði 19.04.2016
Höfum yffifarið notkuniga og ekkest fundið
alhugavort.

*Ragnheiði Saldimsdóttir
Sigrún Hilmarsdóttir*